

Ed. **342. Frumvarp til laga** [161. mál]
um breyting á lögum nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Flm.: Ingiberg J. Hannesson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins. Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sér oddvita úr sínum hópi, en að öðru leyti skipta nefndarmenn störfum með sér. Oddviti boðar fundi og stýrir þeim. Fundur er lögmætur, er $\frac{2}{3}$ sóknarnefndarmanna sitja hann, enda hafi hann verið boðaður með nægilegum fyrirvara.

Sóknarprestur og safnaðarfulltrúi skulu starfa með sóknarnefnd og sitja fundi hennar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem færri hafa sóknarmenn en 500, ella 5, uns tala sóknarmanna er 1000. Kjósa skal tvo menn til viðbótar í sóknarnefnd fyrir

hver full tvö þúsund sóknarmanna, sem við bætast. Þó skulu aldrei fleiri í sóknarnefnd en ellefu alls. Kjósa skal jafnmarga varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Kosningin gildir til fjögurra ára. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa sóknarnefndir eftir þeim í öllum sóknum. Að tveimur árum liðnum skal minni hluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamanna, ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, en hinn hlutinn að fjórum árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá annað hvert ár á víxl.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina og annan til vara til fjögurra ára í senn. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa safnaðarfulltrúa og varamann hans. Um kosningu þeirra og kjörngengi gilda sömu reglur og um sóknarnefndarmenn.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um skipun sóknarnefnda eru frá 16. nóv. 1907, og er því augljóst, að sitt-hvað er þar, sem ekki stenst miðað við aðstæður og þarfir nútímans. Þó má segja, að meginhluti laganna þjóni tilgangi sínum enn í dag, en nokkrar greinar nefndra laga þarfnast þó endurskoðunar.

Kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju hefur fjallað um þetta mál og er frumvarp það, sem nú er lagt fram, byggt á samþykkt kirkjuþings árið 1972.

Lagt er til að eftirtaldar greinar laganna þarfnist endurskoðunar:

2. gr.: Hér er kveðið nánar á um lögmati sóknarnefndarfunda miðað við mætingu nefndarmanna svo og nauðsyn þess, að viðkomandi sóknarprestur og safnaðarfulltrúi starfi með nefndinni að þeim málum, er varða viðkomandi sókn.

4. gr.: Þar sem fjöldi sóknarmanna er í dag meiri í mörgum sóknum en áður var, er nauðsynlegt að hafa nánari ákvæði um fjölda sóknarnefndarmanna miðað við tölu íbúa í hverri sókn.

6. gr.: Kjörtímabil sóknarnefndar hefur verið 6 ár. Reynslan sýnir, að það er of langur tími til þess að nefndirnar séu nægilega virkar og þær endurnýist svo sem þörf er á hverju sinni. Einnig má benda á, að 4 ár er eðlilegur tími og í samræmi við ríkjandi venjur þjóðfélagsins, og því þörf umbóta.

Í þessari grein eru og nánari ákvæði um það, hvernig kjósa skal og endurnýja kjör í þessar nefndir.

16. gr.: Þessi gr. fjallar um kosningu og kjörtímabil safnaðarfulltrúa og kveður nánar á um hvernig kjöri þeirra skuli hagað.

Framangreindar lagabreytingar eru til þess gerðar að setja nánari ákvæði um störf sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa og afmarka starfssvið þeirra, auk þess að stytta kjörtímabil þeirra til samræmis við ríkjandi venjur.